

146. löggjafarþing 2016–2017.
402. mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna að beiðni fjárlaganefndar. Í henni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018-2022, sem byggð er á fyrirliggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017-2022 og skilyrðum hennar. Í áætluninni eru sett markmið fyrir öll málefnasvið og er ætlunin að skapa sem skýrast samhengi milli faglegra markmiða og þeirra fjármuna sem varið er til einstakra málefnasviða.

Fjárlaganefnd óskaði eftir að nefndin fjallaði um eftirfarandi málefnasvið: 07 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar, 12 Landbúnaður, 13 Sjávarútvegur og fiskeldi, 14 Ferðaþjónusta, 15 Orkumál og 16 Markaðseftirlit, neytendamál, stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og aðstoðarmann hennar, Ólaf Teit Guðmundsson. Þá komu eftirtaldir starfsmenn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir nefndina: Kristján Skarphéðinsson, Guðrún Gísladóttir, Ólafur Reynir Guðmundsson og Sigrún Brynja Einarsdóttir. Einnig kom á fundinn Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ásdís Jónsdóttir og Gísli Þór Magnússon frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Jafnframt komu fyrir nefndina Sigurður Eyþórsson frá Bændasamtökum Íslands, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Sigurður Guðjónsson og Sólmundur Már Jónsson frá Hafrannsóknastofnun, Bjarki Kristjánsson frá Matvælastofnun, Hallgrímur Jónasson frá RANNÍS, Helga Árnadóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kristín Linda Árnadóttir, Vanda Úlfrún Hellsing og Nicole Keller frá Umhverfisstofnun.

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun, sem byggist á nýjum lögum um opinber fjármál, er nú til meðferðar á Alþingi í annað sinn og eru markmið fjármálastefnu útfærð í henni. Í áætluninni er heildarútgjöldum hins opinbera deilt niður á 34 málefnasvið til næstu fimm ára en frekari forgangsroðun og skipting fjárheimilda mun birtast í haust í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018.

Það er ekki á þessu stigi kveðið á um fjárheimildir fyrir einstakar stofnanir heldur tiltekin málefnasvið, sbr. þau sem talin voru upp hér að framan og heyra undir málefnasvið atvinnuveganefndar. Viðkomandi ráðherrar munu því við undirbúning frumvarps til fjárlaga forgangsraða verkefnum á grundvelli ramma fjármálaáætlunar.

Meiri hlutinn bendir á að málefnasviðið sem varðar rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar heyrir undir tvo ráðherra, þ.e. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra og hefur auk þess snertiflöt við málefnasvið fjármála- og efnahagsráðherra.

Fram kom af hálfu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að leitast yrði við að leggja áherslu á landsbyggðina hvað varðar framlög til nýsköpunar og að mikil tækifæri fælust í nýsköpun í rótgrónari atvinnugreinum. Meiri hlutinn bendir á að þar sem málefnasviðið skarast væri kostur ef unnt væri að bæta framsetningu svo auðveldara yrði að gera samanburð milli ára.

Fram kom fyrir nefndinni að útgjöld á sviði landbúnaðar fylgdu nýlega lögfestum búvörusamningum sem þó mundu sæta endurskoðun á árinu 2019. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lýsti áhuga á að auka sóknarfæri í landbúnaði og matvælaíðnaði en til að ýta undir matvælaframleiðslu þyrfti að treysta lykilstofnanir á viðkomandi sviðum.

Í sjávarútvegi er gert ráð fyrir aukinni framleiðni m.a. vegna aukinnar tæknivæðingar. Þá er ljóst að mikil uppbygging hefur verið í fiskeldi og hefur atvinnuveganefnd fjallað um þá starfsemi ásamt fulltrúum Hafrannsóknastofnunar. Nú er að störfum starfshópur skipaður af ráðherra um stefnumótun í fiskeldi, þ.m.t. um gjaldtöku, enda er mikilvægt að sem mest sátt ríki um uppbyggingu greinarinnar einkum út af áhrifum á umhverfið.

Hvað ferðaþjónustuna varðar kom fram að flestar aðgerðir féllu undir svokallaða langtímastefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu og einnig kom fram að líklega þyrfti að breyta lögum um skipan ferðamála oftar en einu sinni á komandi árum. Fulltrúar ferðaþjónustunnar hreyfðu áhyggjum af breytingum á skattlagningu í

ferðaþjónustu. Skattlagning heyrir undir málefnasvið efnahags- og viðskiptanefndar en ljóst er að fyrirhugaðar breytingar koma til með að snerta rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Nefndin fjallaði um helstu stofnanir sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar, einkum Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun. Báðar gegna þær mikilvægu hlutverki og bendir meiri hlutinn á skýrslu sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi þar sem farið er yfir starfsemi Matvælastofnunar og lagðar til úrbætur (370. mál).

Meiri hlutinn telur ljóst að framvegis þurfi að gefa fastanefndum þingsins rýmri tíma til að fjalla um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun ef þær eiga áfram að veita umsögn um hana.

Meiri hlutinn styður markmið fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Sú fjármálaáætlun sem hér er til umsagnar ber þess merki að hún er gerð við óvenjulega hagstæðar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Gert er ráð fyrir þéttum og öruggum hagvexti út allt tímabilið 2018-2022 og að tekjur ríkissjóðs nemi 185 milljörðum króna, eða 30,5% hærri á árinu 2022 en reiknað er með í gildandi fjárlögum fyrir árið 2017.

Menntun og rannsóknir

Meiri hluti atvinnuveganefndar bendir á nauðsyn þess að á næstu árum verði hugað að því við gerð fjármálaáætlana og fjárlaga að bæta þá menntunarkosti sem snúa beint að íslensku atvinnulífi. Gildir þetta um verk- og tækninám af ýmsu tagi en einnig um nám tengt umhverfisvernd, ferðamennsku og nýsköpun hverskonar.

Nauðsynlegt er að efla rannsóknarstarf í þágu atvinnuveganna bæði á vegum videigandi stofnana og í gegnum rannsókn-, vísinda- og samkeppnissjóði af ýmsu tagi. Kanna þarf hugsanlega kosti þess að sameina þá sjóði sem fyrir eru og skapa þeim fastari umgjörð.

Sérstaklega þarf að huga að þörfum Hafrannsóknastofnunar á sviði fiskeldis og annarra nýrra verkefna sem stofnuninni verða falin á komandi árum. Einnig liggur fyrir að innan tíðar verður að endurnýja rannsóknaskip stofnunarinnar sem er orðið um 50 ára gamalt.

Skattkerfisbreytingar

Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir breytingum á ýmsum sköttum og gjöldum. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða tvöföldun á kolefnisgjaldi um næstu áramót. Eftir er að útfæra boðaðar breytingar á umhverfissköttum, svokölluðum grænum sköttum. Meiri hlutinn styður þau markmið sem stefnt er að með umhverfissköttum en undirstrikar mikilvægi þess að staðið sé vel að undirbúningi þeirra.

Langveigamesta breytingin á tekjuhlíð fjármálaáætlunarinnar er fyrirhuguð tilfærsla á hluta ferðaþjónustunnar, þ.e. gistingarinnar, úr neðra í efra skattþrep virðisaukaskatts. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi langtíma hugsunar og greiningarvinnu þegar teknar eru ákvarðanir um tekjuöflun ríkissjóðs, líkt og gert er varðandi útgjöld til einstakra málaflokka.

Mikilvægt er að greina vel og meta áhrif skattkerfisbreytinga á umsvif ferðaþjónustunnar í efnahagslegu tilliti til skamms og langs tíma. Þetta á við um einstaka þætti þjónustunnar og samkeppnisstöðu almennt. Mikilvægt er að reynt verði að greina áhrifin á aðra þætti s.s. byggðapróun og samspil ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina. Samdráttur eða áföll í ferðaþjónustu geta haft veruleg efnahagsleg áhrif, sem ekki verða rakin hér. Nauðsynlegt er að meta hugsanleg áhrif á gengi krónunnar, viðskiptajöfnuð og aðrar lykilstærðir þjóðarþúsins. Loks er mikilvægt að leggja mat á hvort og með hvaða hætti breytingarnar hafa áhrif á aðra skatt- og tekjustofna ríkissjóðs. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þessar greiningar liggi fyrir þegar lagafrumvarp um skattkerfisbreytingarnar verður lagt fram í haust.

Páll Magnússon, Hanna Katrín Friðriksson og Theodóra S. Þorsteinsdóttir rita undir umsögn þessa með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 8. maí 2017
Páll Magnússon, með fyrirvara
Ásmundur Friðriksson,
Hanna Katrín Friðriksson, með fyrirvara,
Theodóra S. Þorsteinsdóttir, með fyrirvara,
Óli Björn Kárasón.